


Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
b/t Gauts Sturlusonar
nefndarrítara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P/138/1488
komudagur 30.3.2010



VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

Reykjavík, 29. mars 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um lækkun rafmagnskostnaðar garðyrkjubænda. (193. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að kannaðar verði leiðir til að lækka rafmagnskostnað garðyrkjubænda, sérstaklega dreifingarkostnað.

Viðskiptaráð hefur áður lýst yfir þeirri skoðun sinni að samkeppnissjónarmið og markaðsráðandi öfl eigi að stýra hagræðingu og framleiðslu innan einstakra greina og afnema eigi kerfi styrkja, beingreiðslna og tollaverndar. Þrátt fyrir það telur ráðið að þörf gæti verið á að endurskoða heildarumgjörð rafmagnsdreifingar til garðyrkjubænda. Slík endurskoðun gæti stuðlað að lækkun á rafmagnskostnaði án þess þó að fela í sér frekari niðurgreiðslur eða sérstaka vernd fyrir greinina.

Viðskiptaráð tekur undir með höfundum tillögunnar að ekki rýki eðlileg staða meðal garðyrkjubænda. Þeir sem stunda starfsemi sína innan skilgreindra þéttbýli greiða ekki sama verð vegna dreifingar á rafmagni og þeir sem búa á skilgreindu dreifbýli, þrátt fyrir að magn rafmagns sem eitt meðalstórt garðyrkjubú notar sé umfram notkun á lágmarks skilgreindu þéttbýli. Leiðréttu mætti hér þá mismunandi stöðu sem myndast milli bænda af þessum orsökum og endurskoða þær reglur sem gilda á því sviði.

Almenn samkeppnissjónarmið eiga að vera höfð að leiðarljósi þegar staða garðyrkjubænda er yfirfarin og tekið mið af áhrifum þeirra breytingar sem þegar hefur verið farið í, til að mynda hefur hlutdeild þeirra sem rækta tómata og gúrkur aukist á íslenskum markaði eftir afnám tollaverndar þessara tegunda. Það er mat ráðsins að ívilnanir og vernd til handa íslenskum bændum þjóni ekki alltaf hagsmunum þeirra. Almenn markaðslögmál og hagræðing í rekstri skili betri stöðu innan greinarinnar.

Nú þegar eru töluverðir styrkir til garðyrkjubænda samkvæmt aðlögunarsamningi milli ríkis og garðyrkjubænda, t.d. í formi niðurgreiðslna á lýsingu í ylrækt, eða sem nemur 165 milljónum króna fyrir árið 2010, skv. fjárlögum og auk þess þá njóta þær greinar enn tollverndar sem byggja á útiræktun.


Þau áhrif sem má rekja til afnáms tolla árið 2002 á innlenda framleiðslu benda til aukinnar sjálfbærni og hagræðingar. Fyrirtækjum hefur að vísu fækkað en um leið hefur framleiðsla aukist, sem bendir til aukinnar hagræðingar innan greinarinnar. Markaðsöfl drífa framleiðsluna frekar áfram en fyrir afnám tolla og hefur framleiðsluvirði aukist. Greinin þarf þó frekari hagræðingar við til að halda hlutdeild sinni í heildar landsframleiðslu, sem hefur dregist saman. Með því beingreiðslukerfi sem nú er við lýði er framleiðslumagni stýrt með beingreiðslunum en ekki af eftirspurn og framleiðslumöguleikum.

Tollaafnámið virðist hafa haft þau áhrif að sú ræktun sem er hagkvæm miðað við íslenskar aðstæður, s.s. ræktun á gúrkum og tómötum, hefur aukist en á sama tíma hefur ræktun á papríkum dregist saman, sem gefur til kynna að ekki sé um eins hagkvæma ræktun að ræða, þegar tekið er mið af íslenskum aðstæðum.

Viðskiptaráð leggur til að farið verði út í skoðun á rafmagnskostnaði til garðyrkjubænda en ekki með það að leiðarljósi að setja á frekari afslætti eða niðurgreiðslu heldur til að stuðla að frekari hagræðingu innan greinarinnar. Leggur ráðið einnig til að farið verði markvisst í vinnu við að endurskoða þá beingreiðslu og tollavernd sem gætir í greininni með afnám að markmiði.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga að teknu tilliti til þess sem kemur hér fram.

Virðingarfyllt,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands